

588. fundur

Föstudaginn 18. september 2015 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. l. nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson ANR formaður
Benedikt S. Benediktsson FJR
Baldur Arnar Sigmundsson ANR
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritari nefndarinnar.

1. Lögð fram fundargerð 587 og hún samþykkt án athugasemda.
2. Lögð voru fyrir drög að reglugerð um opinn tollkvóta á ógerilsneyddri lífrænni frosinni mjólk með gildistíma til 31. mars 2016. Ákveðið var að senda til umsagnaradila eftirfarandi tillögu:

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sendir ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra. Um er að ræða tillögu um almenna heimild til innflutnings með opnum tollkvótum á ógerilsneyddri, lífrænni mjólk, frystri:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magnatollur
			Itr.	%	kr./Itr.
<i>Úr tollskrárum:</i>	<i>Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni :</i>				
	<i>- Með fituinnihaldi sem er meira en 1% en ekki meira en 6% miðað við þyngd:</i>				
ex 0401.2009	-- Annað (ógerilsneydd lífræn mjólk - fryst)	28.09.15-31.03.16	ótilgr.	0	0

Rökstuðningur: Nefndinni hafa borist ábendingar þess efnis að skortur sé á ógerilsneyddri lífrænni mjólk. Með vísan til nefndra ábendinga og þeirra gagna sem aflað hefur verið síðan í samræmi við 3. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993 gerir nefndin framangreinda tillögu um úthlutun á opnum tollkvótum á ógerilsneyddri lífrænni mjólk, frystri.

Fleira ekki gert og fundi slitið.